

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 4 14. febrúar 1969.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Samgönguráðherra hefur tjáð mér, að af gildandi lánstökuheimild Ferðamálasjóðs, sem nemi 40 milljónum króna, hafi nú verið notaðar 36 milljónir króna. Til viðbótar þeim sé gert ráð fyrir 12 milljón króna lántöku Ferðamálasjóðs á þessu ári frá Framkvæmdasjóði Íslands. Þurfi sjóðurinn nú á þessu lánsfé að halda til endurlána.

Því telji ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að hækka lántökuheimild Ferðamálasjóðs.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

## 1. gr.

Í stað orðanna „allt að 40 millj. króna“ í 2. mgr. 27. gr. laganna komi: allt að 48 millj. króna.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 19. maí 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

**L Ö G**

um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Greiða skal eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem eru í Alþýðusambandi Íslands, eftir því sem lög þessi ákveða. Sama gildir um aldraða félaga í öðrum stéttarfélögum, enda teljist þau til verkalýðsfélaga samkvæmt 4. gr. laga nr. 29 1956, um atvinnuleysistryggingar, og hafi komið á hjá sér skylduaðild að lífeyrissjóði.

Fé til greiðslu eftirlauna þessara greiðist að  $\frac{3}{4}$  hlutum úr atvinnuleysistryggingasjóði og að  $\frac{1}{4}$  hluta úr ríkissjóði.